



Efni: Styrkbeiðni vegna jólaskemmtunar Foreldrafélags Kerhólsskóla 2025

Til: Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps

Frá: Foreldrafélagi Kerhólsskóla,

Dags.: 3. nóvember 2025

Kæra sveitarstjórn,

Foreldrafélag Kerhólsskóla óskar hér með eftir kr. 154.100,- styrk til undirbúnings og framkvæmdar jólaskemmtunar 2025 fyrir nemendur, fjölskyldur og starfsmenn skólans. Markmiðið er að efla sameiginlega upplifun barna og forráðafólks, styrkja tengsl heimilis og skóla og virkja fleiri foreldra til þátttöku í félaginu.

Í ár viljum við stækka verkefnið og auka gæðin. Jólasveinar verða sóttir í Ingólfsfjall til að til að tryggja að varan sé ósvikin. Þetta hefur í för með sér aukinn kostnað.

Yfirlit yfir áætlaðan kostnað:

Tveir jólasveinar frá jólaveinar.is með ferðakostnaði: kr. 84.100,-

Jólagott í poka: kr. 60.000,-

Kaffi og safi: kr. 10.000,-

Undirleikur á gítar: kr. 0,-

Samtal: kr. 154.100,-

Styrkurinn mun fara beint í framangreinda liði og tryggja að við getum bæði haldið gæðum og aukið þátttöku.

Með þökk fyrir góðan stuðning við skólasamfélagið,

f.h. stjórnar Foreldrafélags Kerhólsskóla

Hallbjörn V. Fríðhólm, formaður